

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Íslensk rannsóknarstofnun um náttúrufræði, landmótun og stækunar

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 27. maí 2019

2019040049/42-0

TB

tb

Landmótun og stækkun Jaðarsvallar, frummatsskýrsla

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 24. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu vegna landmótunar og stækunar Jaðarsvallar, golfvallar, á Akureyri.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda frummatsskýrslu og telur, miðað við hlutverk stofnunarinnar, náttúrufar svæðisins og breytingar sem hafa orðið á því og umfang og staðsetningu framkvæmdarinnar, að frummatsskýrslan lýsi nægjanlega vel þeim framkvæmdum sem fyrirhugað er að fara í, mótvægis aðgerðum svo og umhverfisáhrifum svo byggja megi á henni endanlega matsskýrslu til ákvörðunar um fyrirhugaðan golfvöll.

Athygli Náttúrufræðistofnunar var vakin á umsögn Umhverfisstofnunar þar sem kemur m.a. fram, einnig í frummatsskýrslunni, að samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar séu 5,5 ha af votlendi á framkvæmdasvæðinu sem rekstraraðili telur vera skekkju. Náttúrufræðistofnun fór yfir vistgerðakortlagningu svæðisins, sem framkvæmd var með fjarkönnun á þessu svæði, og getur staðfest að ekki er um að ræða samfellt votlendi af fyrrgreindri stærðargráðu. Að mati Náttúrufræðistofnunar hefði verið eðlilegra að flokka svæðið undir „þéttbýli og annað manngert land“ þar sem miklar breytingar hafa orðið á því.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

